

3. KAFLI

Umferðin

Öll umferð byggist á umferðarlögum. Út frá umferðarlögum setur Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið ýmsar reglugerðir til að stýra umferðinni og gera hana greiðari og öruggari. Til þess að fólk viti hvað átt er við þegar talað er um ákveðna hluti í sambandi við umferðarmál er mikilvægt að allir noti sömu orð um sömu hluti. Hér á eftir koma nokkur hugtök sem þú átt að kunna. Þetta eru skilgreiningar úr umferðarlögum.

Vegfarendur eru allir sem eru á eða við veg, hvort sem þeir eru í eða á ökutæki eða ekki.


Orðið **vegur** er notað um allt sem notað er til almennrar umferðar: torg, bílastæði, brýr, húsasund, jafnvel götuslóða sem umferðin sjálf hefur markað. **Vegamót** eru aftur á móti þar sem vegir mætast, skerast eða greinast. Vegakerfið í þéttbýli, sem oft er nefnt gatnakerfi, er margbrotið og er því gott að gera sér í upphafi akstursferils grein fyrir hvernig það er í grundvallaratriðum byggt upp, en það sést á mynd 3.1.

Til þess að umferð geti orðið greiðari og öruggari eru vegarhlutar aðgreindir eftir notkunarviði og bera heiti eftir hlutverki sínu, sjá mynd 3.2.

Heiti á nokkrum umferðarmannvirkjum:

Akbraut: Sá hluti vegarins sem ætlaður er til að aka ökutækjum eftir.

Akreinar: Þær liggja eftir endilangri akbrautinni og eru hæfilega breiðar hver um sig fyrir eina röð ökutækja. Það fer svo eftir breidd akbrautarinnar hve margar reinarnar eru. Margar akbrautir hafa aðeins eina akrein í hvora akstursstefnu, aðrar tvær eða fleiri. Í stöku tilvikum eru tvær reinar fyrir umferð í aðra áttina en ein í hina.



Aðrein: Reinarbútur ætlaður til að auka hraða áður en sveigt er inn á akbraut.

Frárein: Reinarbútur, ætlaður til að draga úr hraða áður en sveigt er út af akbraut.

Framhjáhlaup: Rein sem liggur inn á akbraut fram hjá aðal-gatnamótunum.


Sveigur: Rein sem við ökum í stórum boga þegar við skiptum um veg á vegamótum sem eru á tveimur hæðum (mislæg gatnamót).

Gangbraut: Sérstaklega merktur hluti vegar með umferðarmerki og yfirborðsmerkingum sem er ætlaður gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt: Afmörkuð braut til hliðar við akbrautina og ætluð gangandi fólki.

Göngustígur: Stígur sem aðallega er ætlaður gangandi fólki. Oftast má einnig hjóla á göngstígum.

*Mynd 3.1
Vegakerfi í þéttbýli.*



Mynd 3.2
Nútíma vegur.

Göngugata: Göturými sem aðallega er ætlað gangandi vegfarendum og er merkt sem slík. Umferð vélknúinna ökutækja um göngugötu er óheimili. Þó mega þeir sem keyra á vegum akstursþjónustu fatlaðra, þeir sem nota stæðiskort fyrir hreyfihamlaða, lögregla, slökkvi- og sjúkralið aka þar. Einnig ökutæki sem eru að losa vörur, t.d. fyrir verslanir í götunni, en þá eingöngu á skilgreindum vörulosunartímum.

Veigamesta reglugerðin til að stýra umferð er reglugerðin um umferðarmerki og notkun þeirra. Fyrir okkur sem öfum bíl er nauðsynlegt að vita nákvæmlega hvað hvert umferðarmerki á að segja okkur og við verðum að fara alveg eftir því.

Umferðarmerkjunum er komið þannig fyrir að þau sjáist greinilega. Viðast eru þau hægra megin við veginn miðað við akstursstefnu. Viðvörunarmerki, bannmerki og leiðbeiningarmerki eru samt stundum báðum megin við akbrautina svo að meira beri á þeim. Þar sem tvær aðgreindar akbrautir eru á vegi er oft sett merki, t.d. boðmerki á umferðareyju milli akbrautanna.

Umferðarmerkjaflokkarnir

Umferðarmerkjunum er skipt í þessa aðalflokka:

- | | |
|--------------------|---------------------|
| A. Viðvörunarmerki | F. Vegvísar |
| B. Bannmerki | G. Akreinarmerki |
| C. Boðmerki | H. Bráðabirgðamerki |
| D. Upplýsingamerki | I. Undirmerki |
| E. Þjónustumerki | J. Önnur merki |

Hvert merki hefur ákveðna stærð, lögun og lit.

Aldrei má fjarlægja umferðarmerki nema hafa sérstakt leyfi til þess. Sá sem verður fyrir því að aka á umferðarmerki á að reyna að lagfæra það eins og hann hefur tök á og tilkynna síðan lögreglu um óhappið.


Yfirleitt eru sömu umferðarmerki notuð í öðrum löndum en samt þurfa bílstjórar sem aka erlendis að athuga að svolítill blæbrigðamunur er á lit merkjanna eftir löndum.

Viðvörunarmerki


Viðvörunarmerkjum er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því að vegur sé hættulegur eða á einhverri sérstakri hættu á vegi. Þau sýna okkur að nú þurfi að draga úr hraða og fara varlega. Hvert merki gefur svo nánari skýringu á því hver hættan er.

Viðvörunarmerki er jafnhliða þríhyrningur með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Eitt horn þríhyrningsins snýr upp nema á merki um biðskyldu, á því snýr eitt hornið niður. Á gula fletinum er svartlituð táknmynd þeirrar hættu sem fram undan er. Það er misjafnt og fer eftir aðstæðum hve nærri hættulegum stöðum eða gatnamótum viðvörunarmerki er. Ef hættukaflinn er langur eru stundum sett upp fleiri en eitt merki.

Eftirfarandi viðvörunarmerki eru sýnd sem dæmi:




Mynd 3.3
Hættuleg vegamót.



Mynd 3.4
Biðskylda.



Mynd 3.5
Börn.



Mynd 3.6
Innakstur bannaður.

Hættuleg vegamót, sjá mynd 3.3.

Merkið er sett við vegamót þar sem vegsýn er slæm og nauðsynlegt þykir að gera öikumönnum viðvart áður en komið er að þeim. Það er ekki notað í þéttbýli. Merkið breytir engu um forgang við vegamótin. Okkur ber að láta umferð frá hægri hafa forgang eins og á ómerktum vegamótum.

Biðskylda, sjá mynd 3.4.

Merkið er við veg þar sem við eigum skilyrðislaust að veita forgang umferð þess vegar sem ekið er inn á eða yfir. Merkið má þekkja frá hinum viðvörunarmerkjunum þó að framhlið þess sjáist ekki, því að eitt horn þríhyrningsins snýr niður.

Börn, sjá mynd 3.5.

Merkið er notað þar sem nauðsynlegt er að sýna sérstaka aðgæslu í grennd við skóla, leikvelli, leikgötur eða aðra staði þar sem vænta má ferða barna. Óvíða er meiri ástæða fyrir okkur að aka varlega en þar sem þetta merki er.

Bannmerki

Bannmerkjum er aðallega ætlað að banna eða gefa fyrir-mæli um umferð. Þau eru flest hringlaga með rauðum jaðri og gulum miðfleti og merkið skýrt nánar með táknmynd, striki eða lettri. Á merki um að allur akstur sé bannaður er hvorki letur, strik né mynd. Merki um bann við að leggja ökutæki og bann við að stöðva ökutæki eru með dökk-bláan miðflöt. Stöðvunarskyldumerki er áttthyrnt og merki sem afmarka svæði þar sem bannað er að leggja ökutæki nema um takmarkaðan tíma eru ferhyrnt. Auk þessara merkja hafa merki sem banna innakstur á veg, merki um að sérstakri takmörkun hámarkshraða sé lokið og merki um að banni við framúrakstri sé lokið, annan lit en fyrr er lýst.

Bannmerki er venjulega sett upp sem næst staðnum þar sem bannið gengur í gildi. Merki sem banna beygjur eru staðsett í nokkurri fjarlægð frá beygjunni.

Eftirfarandi bannmerki eru sýnd sem dæmi:

Innakstur bannaður, sjá mynd 3.6.

Merkið er notað þar sem umferð allra ökutækja er bönnuð inn á veg. Það er oft við annan enda einstefnuakstursgötu. Vakin skal athygli á að bannið á einnig við um akstur

afturábak inn á veg.

Akstur vélknúinna ökutækja bannaður, sjá mynd 3.7.

Merkið táknar að bannað er að fara með tæki sem eru knúin eigin vélarafla um veginn, en heimilt er t.d. að hjóla á reiðhjóli um hann.

Bannað að leggja ökutæki, sjá mynd 3.8.

Merkið er notað þar sem bannað er að leggja ökutæki. Bannið tekur aðeins til þess vegarhelfnings sem merkið er á. Bannið gildir í akstursstefnu frá þeim stað sem merkið er og að næstu vegamótum. Ef bannið nær ekki að næstu vegamótum er merki þar sem banninu á að ljúka og undir því ör sem snýr á móti akstursstefnunni. Ef bannið nær aðeins um skamman veg er notað eitt merki með undirmerki sem tilgreinir fjarlægðina að staðnum þar sem banni lýkur. Þegar bannað er að leggja ökutækjum á ákveðnum dögum eða ákveðnum tíma dags eða lengur en t.d. 30 mínútur, eru upplýsingar um það á undirmerki.

Boðmerki

Boðmerkjum er ætlað að gefa fyrirmæli um umferð. Boðmerki eru hringlaga með hvítum jaðri og hvítu tákni á bláum fleti.











Mynd 3.7
Akstur vélknúinna ökutækja bannaður.



Mynd 3.8
Bannað að leggja ökutæki.


Mynd 3.9
Akstursstefnumerki.



Eftirfarandi boðmerki eru sýnd sem dæmi:

Aksturstefnumerki, sjá mynd 3.9.

Þessi merki fyrirskipa ákveðna aksturstefnu og má aðeins aka í þá átt eða þær áttir sem örin eða örvarnar benda.



Mynd 3.10
Akbrautarkerki.

Akbrautarkerki

Þessi merki benda á þá akbraut eða þann hluta akbrautar sem nota skal. Þegar örvarnar eru tvær á merkinu má aka þeim megin merkisins sem ökumaður kys.



Mynd 3.11
Gangbraut.


Upplýsingamerki

Upplýsingamerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmis atriði sem telja má þýðingarmikil fyrir umferðina.

Eftirfarandi upplýsingamerki eru sýnd sem dæmi:

Gangbraut, sjá mynd 3.11.

Merkið er við gangbraut báðum megin akbrautar. Það sýnir hvar gangbraut liggur yfir akbraut. Ef eyja er á akbraut er merkið einnig oft þar.



Mynd 3.12
Aðalbraut.

Aðalbraut, sjá mynd 3.12.

Þetta merki er víða við hægri brún akbrautar á aðalbrautum og þar sem aðalbraut byrjar og við vegamót eftir því sem þurfa þykir. Það þýðir að umferð á aðalbrautinni hefur forgang fyrir umferð af hliðarvegi.

Einstefna, sjá mynd 3.13.

Þetta merki er notað til þess að gefa til kynna að einstefnuakstur sé um veg. Á stöku stað hentar betur að láta örina snúa upp.

Þjónustumerki

Þjónustumerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um þjónustu sem í boði er á leið þeirra.

Eftirfarandi þjónustumerki eru sýnd sem dæmi:

Slysa hjálp, sjá mynd 3.14.

Þetta merki vísar á stað þar sem slysa hjálp er veitt. Með þessu merki og mörgum öðrum merkjum er oft undirmerki sem vísar á staðinn sem merkið gefur upplýsingar um.

Upplýsingar, sjá mynd 3.15.

Þetta merki vísar á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar, annað hvort á skrifstofu eða upplýsinga-spjöldum.

Vegvísar

Vegvísar er ætlað að leiðbeina ökumönnum um leiðaval.


Eftirfarandi vegvísar eru sýndir sem dæmi:

Töfluvegvisir, sjá mynd 3.16.


Þetta merki er notað við vegamót, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein. Á merkið eru letuð vagnúmer, staðarheiti og fjarlægð í km að staðnum.

Leiðavísir, sjá mynd 3.17.


Merkinu er komið fyrir á merkjabrú nærri vegamótum. Á merkinu er ör fyrir hverja akrein. Einnig eru sýnd vagnúmer og staðarheiti.



Mynd 3.13
Einstefna.



Mynd 3.14
Slysa hjálp.



Mynd 3.15
Upplýsingar.




Mynd 3.16
Töfluvegvisir.




Mynd 3.17
Leiðavísir.

1	
Egilsstaðir	70 1
Ísafjörður	533
Akureyri	426
Borgarnes	107


Mynd 3.18
Fjarlægðarmerki.



Mynd 3.19
Akreinamerki, akrein endar.



Mynd 3.20
Akreinar við vegamót.



Mynd 3.21
Bráðabirgðamerki.

Fjarlægðarmerki, sjá mynd 3.18.

Að þessu merki getum við komið þegar við höfum ekið fram hjá vegamótum. Efst á merkinu er númer vegarins en undir því er skráð fjarlægð í kílómetrum til staða sem vegurinn liggur til.

Akreinamerki

Akreinamerkjum er ætlað að leiðbeina öikumönnum um hvernig akreinar liggja á akbraut. Ennfremur hvaða akrein öikumenn skuli velja þegar komið er að vegamótum. Akreinamerki er rétthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar eru láréttar. Tákn eru hvít á bláum fleti með hvítum jaðri.

Eftirfarandi akreinamerki eru sýnd sem dæmi:

Akreinamerki; akrein endar, sjá mynd 3.19.

Merki þetta er notað þegar komið er að stað á akbraut þar sem hægri akrein endar.

Akreinar við vegamót, sjá mynd 3.20.

Merki þessi eru notuð áður en komið er að vegamótum til leiðbeiningar öikumönnum um hvaða akrein þeir skuli velja.

Bráðabirgðamerki

Bráðabirgðamerkjum er ætlað að vara öikumenn við tíma- bundnum breytingum á vegakerfi, sjá mynd 3.21.

Bráðabirgðamerki er rétthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar eru láréttar. Tákn eru í viðeigandi litum á appelsínugulum grunni. Texti er svartur.

Undirmerki

Ef talin er þörf á nánari leiðbeiningum eða skýringum við annað umferðarmerki er notað til þess undirmerki með táknmynd eða áletrun. Því er komið fyrir á stönginni neðan við aðalmerkið.

Fjarlægð hættusvæðis eða bannsvæðis, sjá mynd 3.22.

Tölurnar sýna ökumanni hvenær svæðið hefst og hvenær það endar. Svæðið sem þetta merki á við hefst t.d. í 200 m fjarlægð og nær 800 m þar frá.



Gildistími leyfis, sjá mynd 3.23.

Venjulega leyfir merkið að ökutæki sé lagt við vegarbrúnina eða í stæði í ákveðinn tíma og talan sýnir í hve margar mínútur má leggja ökutækinu.

Önnur merki

Vegstikur

Til þess að afmarka vegarbrúnina eru notaðar vegstikur með einu hvítu endurskini en tveimur á vinstri vegarbrún. Glitmerkin eru skásett þannig að þau vísa að akbraut, sjá mynd 3.24. Á snjóþungum vegum eru notaðar hærri stikur sem nefnast snjóstikur og eru með tvöföldu endurskini.



Mynd 3.24
Vegstikur.

200-800m


Mynd 3.22

Fjarlægð hættusvæðis eða
bannsvæðis.


P 30 mín

Mynd 3.23


Gildistími leyfis.




Mynd 3.25




Mynd 3.26



Mynd 3.27



Mynd 3.28



Mynd 3.29

Hindrun við akbrautarbrún

Brúarendar, síma- og rafmagnsstaurar og annað slíkt við veg sem valdið geta vegfarendum hættu, er stundum merkt með svörtum og gulum skástrikum sem vísa að vegi, sjá mynd 3.25.

Vegur greinist

Þar sem vegur greinist frá öðrum vegi er stundum sett merki með svörtum og gulum skástrikum sem mynda örvar sem vísa upp, sjá mynd 3.26. Í þéttbýli er þetta merki víða á tanganum milli akreina sem bil er á milli, t.d. milli reinar á aðalbraut og fráreinar.

Vegur endar


Merki með svörtum og gulum skástrikum sem mynda örvar í akstursstefnu eru víða við brún vegar þar sem krappar beygjur eru eða hann endar án þess að aðstæður beri það greinilega með sér, sjá mynd 3.27.

Stefnuörvar

Til þess að betur sjáist hvar beygja er á vegi eru víða nokkur merki á stólpum í vegkanti í ytri boga beygju. Merkin eru svört og á þeim eru breið gul strik sem mynda ör er vísar inn í beygjuna, sjá mynd 3.28.

Vinna við veg

Aðrar merkingar eru gjarnan notaðar þegar sérstök ástæða þykir til, svo sem vegna vinnu við framkvæmdir á vegi eða við hann, sjá mynd 3.29.



Merking á yfirborði vega

Þar sem vegur er með bundnu slitlagi er hann oft markaður með hvítum línum til leiðbeiningar umferðinni.

Merking langsum eftir akbraut, sjá mynd 3.30.

Miðlína er milli umferðar í gagnstæðar áttir og getur verið:

- Óbrotin lína** sem gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til. Miðlína milli umferðar í gagnstæðar áttir á vegi með fleiri en tvær akreinar skal vera tvöföld.
- Hálfbrotin lína** (línan þrisvar sinnum lengri en bilið) sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð.
- Hálfbrotin lína við hliðina á heilli línu** sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir línurnar og óheimilt nema með sérstakri varúð og að hættulegt sé og óheimilt að aka yfir þær þeim megin frá sem heila línan er.
- Fullbrotin lína** (línan einn þriðji af bilinu) sem gefur til kynna að aka megi yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar.

Mynd 3.30

Á myndinni sést miðlína, deililína og kantlína á vegi í þéttbýli.

- e. **Fullbrotin lína við hliðina á heilli línu** sem gefur til kynna að aka megi yfir línurnar þeim megin frá sem brotna línan er, enda sé gætt fyllstu varúðar og að hættulegt sé og óheimilt að aka yfir þær þeim megin frá sem heila línan er.

Deililína er milli umferðar í sömu átt á akbraut og getur verið:


- a. **Óbrotin lína** sem gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til.
- b. **Brotin lína** (línan einn þriðji af bilinu) sem gefur til kynna að aka megi yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar.


Kantlína markar brún akbrautar og getur verið:

- a. **Óbrotin lína** sem markar þann hluta akbrautar sem ætlaður er vélknúnum ökutækjum. Óheimilt er að aka yfir hana nema nauðsyn beri til og skal þá gætt ýtrustu varúðar.
- b. **Brotin lína** (línan jafn löng bilinu) sem markar brún akbrautar. Brotnar kantlínur marka að auki akbraut gagnvart hliðarvegi, útskotum, bílastæðum og leiðum að og frá þjónustustöðum. Heimilt er að aka yfir brotna kantlínu, enda sé gætt fyllstu varúðar.

Stýrilínur eru brotnar línur til að afmarka sérstakar akreinar fyrir umferð sem beygir á gatnamótum, sjá mynd 3.32.

Mynd 3.31
Línur á vegi utan þéttbýlis.





Merking þversum á akbraut, sjá mynd 3.32

Stöðvunarlínur eru óbrotnar línur þversum á akbraut. Þær sýna hvar stöðva skal ökutæki við umferðarljós eða þar sem stöðvunarskylda er við vegamót.

Biðskyldulínur eru röð þríhyrninga þvert á akbraut. Þær sýna hvar stöðva ber ökutæki þar sem biðskylda er við vegamót.

Gangbrautir yfir akbraut eru að jafnaði merktar með hvítum samhliða röndum langsum á vegi. Stundum er gangbraut merkt með tveimur óbrotnum línum þvert yfir akbrautina.

➔ Ef einhver er á gangbraut - eða á leið út á hana - verður þú að stöðva bílinn í tíma. Þar sem gangbraut er hafa gangandi vegfarendur forgang til að ganga þvert yfir akbrautina.

Mynd 3.32

Myndin sýnir stöðvunarlínu, biðskyldulínu, bannsvæði, stýrilínur, hvítar örvar og merki um að aðeins strætisvögnum og leigubílum megi aka eftir akrein.


➔ Allir ökumenn verða að stöðva bílinn við stöðvunarlínuna, ekki aðeins sá fyrsti sem beið eftir að komast yfir. Þetta þarft þú að muna ef þú ert t.d. annar eða þriðji í röðinni.

Aðrar merkingar á yfirborði vega

Bannsvæði eru svæði á vegi eða götu sem ekki eru ætluð til að aka eftir eða leggja ökutækjum. Bannsvæði eru afmörkuð með óbrotnum markalínunum og auðkennd með skálínum.



Hvítar örvar á akbraut leiðbeina öikumanni við að velja akrein í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu. Önnur tákn eða letur eru sett á akbraut til þess að vekja athygli á umferðarmerkjum eða öðru viðkomandi umferðinni.

Algengt er að merki strætisvagna/hópbíla sé málað á akbraut sem eingöngu er ætluð þeim og/eða að akbrautin sé rauðmerkt. Almennigur má ekki aka á akreinum sem ætlaðar eru fyrir umferð strætisvagna/hópbíla.



Mynd 3.33
Bílastæði.

- A** Samhliða akbraut.
- B** Á ská við akbraut.
- C** Þvert á akbraut.




Oft eru hraðahindranir á vegi málaðar með hvítum reitum líkt og á skákbörði svo við sjáum þær betur þegar við nálgumst þær.

Bílastæði eru merkt með heilum eða brotnum línunum. Þegar bíl er lagt á merkt stæði skal hann allur vera milli línanna. Bílastæði sem ætluð eru sérstökum aðilum, t.d. þeim sem koma með vörur í verslanir, eru merkt á sama hátt en með hornalínunum að auki.

Gul brotin lína meðfram brún akbrautar sýnir að þar er bannað að leggja ökutæki, sjá mynd 3.34 A.

Gul óbrotin lína meðfram brún akbrautar sýnir að þar er bannað að stöðva ökutæki, sjá mynd 3.34 B.



Mynd. 3.34


- A** Við þessa vegarbrún má ekki leggja bíl.
- B** Við þessa vegarbrún má ekki stöðva bíl.

Umferðarstjórn

Umferð er stjórnað af lögreglumönnum og með umferðarljósum. Gefi lögregluþjónn við umferðarstjórn önnur fyrir-mæli en umferðarmerki, yfirborðsmerkingar eða umferðarljós, á að fara eftir fyrir-mælum lögregluþjónsins. Á mynd 3.35 sést hvernig lögreglumaður stjórnar umferð.





Mynd 3.35
Lögreglumaður stjórnar umferð.




Viðvörðun. Sama og gult ljós. Þeir grænu rýma gatnamótin, gulu eru tilbúnir en rauðu bíða.



Lögreglumaðurinn stöðvar bílinn.



Umferð sem stefnir að baki og brjósti lögreglumannsins á að stöðvast. Fyrir-mælin gilda áfram þótt lögreglumaður láti hendurnar síga.



Mynd 3.36
Umferðarljós.

Umferðarljós

Umferðarljós eru notuð til að stjórna umferð bæði á vegamótum og þar sem gangbraut liggur yfir veg. Ef umferðarljós og umferðarmerki á sömu gatnamótum gefa ólík fyrir-mæli á að fara eftir umferðarljósunum. Ljós til að stjórna umferð eru kringlótt, rauð, gul og græn að lit. Þau eru í lóðréttri röð með rauðu ljósi efst, þá gulu ljósi, en grænu ljósi neðst. Mynd 3.36.

Rautt ljós merkir að stöðva skuli ökutæki við stöðvunar-línu eða við umferðarljós ef engin stöðvunarlína er á vegi.

Rautt ljós sem logar samtímis gulu ljósi merkir sama og rauða ljósið eitt en gefur til kynna að grænt ljós sé að koma. Ekki má halda áfram fyrr en græna ljósið er komið.

Grænt ljós merkir að aka eigi áfram. Grænt ljós á gatna-mótum heimilar okkur þó ekki að halda áfram ef þverum-ferð er enn á gatnamótum eða umferð er svo þétt í aksturs-stefnu okkar að miklar líkur eru á að við náum ekki yfir gatnamótin áður en ljós skiptir yfir í rautt. Heimilt er að beygja til hægri eða vinstri ef það er ekki bannað með umferðarmerki eða ljósör. Sá sem beygir til vinstri skal láta umferð sem á móti kemur hafa forgang. Þegar þið beygið verðið þið líka að bíða þar til gangandi fólk sem er að fara yfir á grænu ljósi er komið yfir. Grænt ljós leysir ökumann ekki undan þeirri skyldu að sýna ýrustu varúð.

Gulu umferðarljósi sem kviknar á eftir grænu ljósi er ætlað að hreinsa gatnamótin. Þegar gult ljós kviknar á öku-maður að **nema staðar** við stöðvunarlínu eða á móts við umferðarljósastólpa þar sem engin lína er. Þó skal halda áfram ef bíllinn er kominn svo nærri stöðvunarlínu þegar gult ljós kviknar að hann verði ekki stöðvaður með fullu öryggi og án hættu fyrir aðra vegfarendur.

→ Treystu öðrum vegfar-
endum ekki í blindni
þegar þú ekur yfir
vegamót þar sem ljós
stjórna umferðinni.
Vertu sérstaklega var-
kár í vinstri beygju.
Ökumaður sem kemur
á móti gæti ekið yfir á
rauðu ljósi.

Ekki er ætlast til að farið sé yfir stöðvunarlínu þegar beðið er við umferðarljós. Það hindrar eðlilega umferð gangandi fólks og er auk þess hættulegt fyrir þann sem bíður.

→ Ef þú ert kominn svo nærri stöðvunarlínu þegar gult ljós kviknar á eftir grænu ljósi að þú getir ekki stansað áður en þú ert kominn með bílinn á stöðvunarlínuna, mátt þú aka yfir gatnamótin. Þegar bæði rautt og gult ljós loga mátt þú ekki aka inn á gatnamótin því aldrei má aka á móti rauðu ljósi.

Græn ljósör merkir að við megum aðeins aka í þá átt sem örin sýnir. Græn ljósör sem vísar upp merkir að aka megi beint áfram, sjá mynd 3.37 A. Græn ljósör til hliðar við grænt ljós merkir að aka megi bæði beint áfram og beygja eins og örin vísar, sjá mynd 3.37 B. Græn ljósör til hliðar við rautt ljós merkir að við megum beygja eins og örin sýnir, en við megum ekki aka beint áfram, sjá mynd 3.37 C. Ef slökkt er á grænni beygjuör en græna ljósið á aðalljóskerinu logar, megum við einnig aka í þá stefnu sem örin vísar til, en umferð sem á móti kemur og umferð göngumanna sem ganga á móti grænu ljósi hefur þó forgang, sjá mynd 3.37 D. Til að heimilt sé að aka eins og lýst er hér að framan verður bíllinn alltaf að vera á réttri akrein miðað við fyrirhugaða akstursstefnu.

Rauð eða gul ljósör merkir að bannað sé að aka í þá átt sem örin sýnir.


Oft er biðskyldumerki á umferðarljósastólpa. Það gildir ef ljós eru óvirk eða ef gult ljós blikkar. Sé ekkert umferðarmerki á gatnamótunum á að aka eftir hægri reglunni.

Oft er framhjálaup fyrir þá sem ætla að beygja til hægri. Þá leið geta ökumenn notað óháð því hvaða ljós loga. Við þurfum aðeins að gæta þess að þeir sem eru á brautinni sem ekið er inn á hafa forgang gagnvart þeim sem koma eftir framhjálaupi.


→ Grænt ljós á umferðarljósi þýðir ekki að enginn sé á gatnamótunum. Það merkir einungis að þú megir aka yfir ef enginn er fyrir.

Mynd 3.37


A Aka má beint áfram en ekki beygja.




B Aka má beint áfram og beygja til hægri. Hér gefur örin til kynna hvenær beygja megi til vinstri.




C Aðeins má beygja til vinstri.



D Beygja má en umferð á móti hefur forgang.



Mynd 3.38
Valdapýramíðinn í umferðinni.



→ Víða á gatnamótum eru myndavélar sem taka mynd af þér og bílnum ef þú ekur yfir á rauðu ljósi.

→ Þú þarft að vita að:

- Umferðarstjórn lögreglu ræður meiru en umferðarreglur, umferðarmerki, yfirborðsmerkingar og umferðarljós.
- Umferðarljós ráða meiru en umferðarmerki.
- Ef slökkt er á umferðarljósum eða ef gulu ljósin blikka stöðugt, þá gilda umferðarmerkin. Þegar gulu ljósin loga þarft þú samt að gæta sérstakrar varúðar hvort sem þú ert á aðalbraut eða hliðargötu.



Mynd 3.39
Þessi ljós eru aðeins fyrir strætisvagna.

Gul blikkandi ljós

Umferðarljósín eru stundum stillt þannig að gulu ljósin kvikna og slokkna á víxl. Þetta gerist helst ef umferðarljósín bila eða þá að unnið er að vegagerð við gatnamótin. Ökumenn mega þá halda áfram með ýtrustu varúð. Forgangur á gatnamótum er eins og ef enginn umferðarljós væru. Þá þarf að fara eftir umferðarmerkjunum sem segja til um forganginn.

Umferðarljós fyrir strætisvagna

Öll ljóskerin gefa frá sér hvítt ljós. Ljós á efsta ljóskerinu jafngildir rauðu ljósi á venjulegum umferðarljósum. Ljós í miðjunni jafngildir gulu ljósi og það neðsta grænu ljósi, sjá mynd 3.39. Þessi ljós eru aðeins þar sem biðstöð er eða sérakreft fyrir strætisvagna og áætlunarbíla.

Ljósmerki fyrir gangandi vegfarendur

Gangbrautarljós eru tvö; rautt og grænt. Rauða ljósið er fyrir ofan það græna. Rauða ljósið sýnir mann í kyrrstöðu en græna ljósið mann á göngu, sjá mynd 3.40.

Rautt ljós merkir að ekki megi ganga út á akbraut.

Grænt ljós merkir að göngumaður megi ganga út á akbraut.

Þegar grænt ljós logar á móti göngumanni logar rautt ljós á móti ökumanni. Mörg ljós eru þannig að fyrst eftir að gönguljós skiptir af grænu yfir á rautt, þá blikkar gult ljós á móti ökumanni. Þá megum við aka áfram með gát ef enginn er að ganga yfir akbrautina.

Á vegamótum þar sem ekki eru sérstök ljósmerki fyrir göngumenn eiga allir vegfarendur að fara eftir ljósmerkjum fyrir umferð ökutækja.

Víða eru komin upp umferðarljós fyrir umferð hjólréðamanna. Þau virka eins og önnur umferðarljós en eru ólík öðrum umferðarljósum að því leyti að efst á þeim er hvítt reiðhjólamerki sem logar stöðugt, til þess að vekja athygli reiðhjólafólks.



Mynd 3.40
Gangbrautarljós.



Umferðarljós fyrir hjólréðafólk.